

Fundargerð stjórnar FÍh

5. fundur stjórnar Félags Íslenskra hjúkrunarfræðinga

starfstímabilið 2021 – 2022

miðvikudaginn 20. október 2021 kl. 09:00 – 12:30

Mættir:

Ásdís M. Finnbogadóttir, Gísli Níls Einarsson, Guðbjörg Pálsdóttir, Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, Hildur Björk Sigurðardóttir, Hulda S. Gunnarsdóttir og Þóra Gunnarsdóttir.

Fjarverandi: Halla Eiríksdóttir.

Gestir: Jón Tryggvi Jóhannsson, Edda Dröfn Daníelsdóttir, Harpa Júlía Sævarsdóttir, Eva Hjörtína Ólafsdóttir.

Til afgreiðslu:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin samþykkt.

Til upplýsinga:

1. Fundur með landsráði vegna verkaskiptingar milli heilbrigðisstétta.

Fyrirhugaður er fundur með landsráði 29. október um verkaskiptingu milli heilbrigðisstétta með áherslu á störf sjúkraliða. Fyrir hönd FÍh fara formaður, Ágústa Hjördís Kristinsdóttir, Helga Sif Friðjónsdóttir og Ólafur G. Skúlason á fundinn. Rædd verður afstaða FÍh til málefnisins en skýrt er að breyta þarf umræðunni úr verkum og verkaskiptingu yfir í kjarna hæfniviðmið sem liggja til grundvallar nýtingu mannauðs há heilbrigðisstofnun. Fókussinn þarf að vera á veitta þjónustu til skjólstæðinga með öryggi og gæði að leiðarljósi.

Nauðsynlegt er að hafa í huga störf fleiri heilbrigðisstétta en hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða og horfa á verkefnið í heild sinni. Greina þarf á milli grunn hæfniviðmiða, sérhæfðra hæfniviðmiða og sértækra hæfniviðmiða horfa til þeirra þekkingar sem liggur að baki hæfninnar. Samsetning vinnuafls (e. skill mix) skiptir miklu máli þegar horft er til öryggis og gæða þjónustunnar eins og margar stórar rannsóknir hafa sýnt fram á. Lykilatriði fyrir heilbrigðisþjónustu á Íslandi er að setja mönnunarviðmið eins og víða erlendis hefur reynst vera lykillinn að farsælli heilbrigðisþjónustu og bættri mönnun.

Til umræðu:

2. Fréttir frá kjara- og réttindasviði.

Jón Tryggvi Jóhannsson sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs kom á fundinn. Vinna gengur vel við að klára síðustu stofnanasamninga. Jón Tryggvi fór einnig yfir mál einstakra hjúkrunarfræðinga. Trúnaðarmál rædd. Umræður.

3. Fréttir frá fagsviði.

Edda Dröfn Daníelsdóttir sviðsstjóri fagsviðs kom á fundinn.

Nýlega var gerð fræðslukönnun meðal félagsmanna. Niðurstöður voru að félagsmenn kusu fræðslu sem styrki þá bæði klínískt og persónulega. Óskað var eftir aukinni rafrænni fræðslu. Ráðstefnan *Hjúkrun 2022* verður haldin 3. – 4. febrúar næstkomandi. Einnig er verið að efla notkun samfélagsmiðla á vegum Fíh, s.s. notkun Instagram, stofnun hlaðvarps osfrv. Fyrirhuguð er könnun sem send verður til félagsmanna um öryggismál hjúkrunarfræðinga í starfi. Umræður.

4. Gerð aðgerðaáætlunar við stefnu Fíh í hjúkrunar- og heilbrigðismálum til 2030.

Vinnuhópur Fíh er enn að störfum við að útbúa aðgerðaráætlun við stefnu Fíh. Hópurinn mun kynna störf sín fyrir stjórn á næsta fundi. Umræður.

5. Nýtt fagnám til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða.

Hafdís Skúladóttir lektor við Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri kynnti nýtt fagnám til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða. Þennan lið sátu einnig Jón Tryggvi, Edda, Harpa og Eva. Miklar umræður og spurningar voru í kjölfar kynningarinnar.

Afgreiðsla: Vangaveltur stjórnar og starfsfólks Fíh varðandi námið var komið á framfæri við Hafdísi sem brautarstjóra námsins hjá HA .

Önnur mál:

6. Næstu fundir Fíh.

Formaður fór yfir næstkomandi fundi stjórnar og áframhaldandi verkefni stjórnar. Umræður.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:15

Næsti fundur stjórnar Fíh er áætlaður þann 10. nóvember 2021.

Guðný Birna Guðmundsdóttir ritari stjórnar Fíh.